- Úrgangsmál, sorphirða, urðun og endurvinnsla
- Koma öllu í rafræn form



Stjórnsýsla


Sveitastjórnnum er ætlað að setja sér reglur um ýmis málefni, svo sem siðareglur, reglur um opinber innkaup, skólastefnu, jafnréttisáætlanir og margt fleira. Jafnframt er sveitastjórnnum heimilt að setja sér nánari reglur um einstök málefni. Til stjórnsýslu má einnig telja þá hugmynda- og aðferðafræði sem sveitarfélagið er rekið eftir, og þá ferla sem notaðir eru til að taka ákvarðanir um einstaka málaflokka.

Við bættum við spurningum til að meta það hversu tilbúið sveitarfélagið er í stafræna umbreytingu, en ákvarðanatöku um slíkt, viðhorf starfsfólks og stjórnenda, og úthlutun fjármuna í stafræna umbreytingu má flokka undir málaflokkinn.



Yfirlit


Alls bárust svör frá 53 af 72 sveitarfélögum, eða 74%. Samantekt á svörum má sjá hér að neðan. Næsti kafli inniheldur samantekt á svörum einstakra spurninga.



Spurningar


Hefur sveitafélagið skýra sýn og stefnu fyrir stafræna umbreytingu?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Engin slík stefna er til og engin stefnumótun fyrirhuguð næstu mánuði eða ár
Endurtakanlegt	Stjórnendur eru meðvitaðir um þörfina á að móta sér skýra stefnu í málaflokknum en engin formleg vinna er hafin
Skilgreint	Stefnumótun er hafin, en starfsfólk hefur enn ekki þekkingu á innihaldi stefnunnar eða þekkir sýn sveitarfélagsins
Hæft	Skýr sýn og samþykkt stefna liggur fyrir og starfsmenn eru almennt meðvitaðir um hana
Skilvirkt	Sveitarfélagið hefur nú þegar ráðist í að bæta þjónustu við íbúa með stafrænum þjónustum í takt við samþykktu stefnu




Fjárfestir sveitafélagið í starfrænum lausnum á markvissan máta?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Engu fjármagni hefur verið ráðstafað í málaflokkinn í núverandi fjárhagsáætlun
Endurtakanlegt	Fjármagni hefur verið ráðstafað í núverandi fjárhagsáætlun, en umbreytingarverkefni eru ekki hafin
Skilgreint	Fjármagni hefur verið ráðstafað í núverandi fjárhagsáætlun og fyrstu umbreytingarverkefnin eru hafin
Hæft	Fyrstu umbreytingarverkefnin eru full fjármögnuð og hafa nú þegar farið að skila ávinningi fyrir íbúa sveitarfélagsins
Skilvirkt	Fjárfesting í stafrænum verkefnum til að bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins eru í forgangi




Hvernig er þekking stjórnenda, þegar á heildina er litið, m.t.t. stafrænna lausna?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Þekking á stafrænum lausnum er mjög takmörkuð og stjórnendur sjá ekki þörf á að bæta hana.
Endurtakanlegt	Þekking á stafrænum lausnum er takmörkuð en stjórnendur eru meðvitaðir um að breytinga er þörf
Skilgreint	Þekking á stafrænum lausnum er takmörkuð en stjórnendur eru byrjaðir að afla sér þekkingar og leita lausna
Hæft	Þekking á stafrænum lausnum er almennt góð og innleiðing stafrænna lausna hafin
Skilvirkt	Þekking á stafrænum lausnum er mjög góð, lögð er áhersla á starfrænar lausnir og þekkingu innan sveitarfélagsins




Hvernig er menningin innan sveitarfélagsins m.t.t. starfrænnar umbreytingar?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Breytingum er almennt mætt með áhugaleysi eða andspyrnu
Endurtakanlegt	Starfsfólk er ekki áhugsamt um stafræna umbreytingu og sér ekki þörf fyrir hana
Skilgreint	Starfsfólk gerir sér grein fyrir þörf á breytingum en sýnir þeim hvort áhuga né veitir andspyrnu
Hæft	Starfsfólk gerir sér grein fyrir þörf á breytingum og sýnir þeim áhuga
Skilvirkt	Starfsfólk sýnir stafrænni umbreytingu áhuga og tekur virkan þátt í þeim breytingum sem verið er að gera eða standa til



Hvernig fer þjálfun og fræðsla starfsmanna fram?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Ekki er haldið sérstaklega utan um þjálfun og fræðslu starfsmanna
Endurtakanlegt	Fyrirlestrar eða kynningar eru haldnar reglulega sem viðeigandi deildum eða starfssviðum er boðið á
Skilgreint	Fyrirlestrar eða kynningar eru haldnar reglulega sem viðeigandi deildum eða starfssviðum er boðið á ásamt því að eitthvað rafrænt þjálfunar og fræðsluefni er aðgengilegt starfsmönnum t.d. á innra neti
Hæft	Fyrirlestrar eða kynningar eru haldnar reglulega sem viðeigandi deildum eða starfssviðum er boðið á ásamt því að allt fræðsluefni er gert aðgengilegt starfsmönnum t.d. á innra neti
Skilvirkt	Til staðar er rafrænt fræðslukerfi sem starfsmenn geta skráð sig inn á, þar er hægt að horfa á fyrirlestra eða fara í gegnum námskeið sem henta viðeigandi deildum eða starfssviðum og sveitarfélagið getur séð yfirlit yfir hverjir hafa horft á efnið eða lokið ákveðnum námskeiðum




Hvernig er tekið á móti starfsumsóknnum hjá sveitarfélaginu?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Tekið er við umsóknum á pappírformi á skrifstofu
Endurtakanlegt	Hægt er að senda umsóknir rafrænt á tölvupóstfang sveitarfélagsins
Skilgreint	Hægt er að sækja um störf á innra neti/vefsíðu sveitarfélagsins
Hæft	Hægt er að sækja um störf á innra neti sveitarfélagsins og notendur geta fylgst með stöðu umsókna þar
Skilvirkt	Hægt er að sækja um störf á innra neti sveitarfélagsins og notendur geta fylgst með stöðu umsókna þar ásamt því að mögulegt er að undirrita ráðningasamninga rafrænt




Hvernig er aðgengi kjörinna fulltrúa að fundum nefnda og ráða?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Þeir fá fundarboð/fundargerðir rafrænt en fylgigögn úprentuð
Endurtakanlegt	Þeir fá fundarboð/fundargerðir og gögn send rafrænt t.d. með tölvupósti
Skilgreint	Þeir hafa rafrænt aðgengi að fundarboðum/fundargerðum í gegnum vefgátt en nálgast fylgigögn með öðrum hætti
Hæft	Þeir hafa rafrænt aðgengi að fundarboðum/fundargerðum og fylgigögnum í gegnum vefgátt
Skilvirkt	Allt ferli funda er rafrænt gegnum vefgátt og fundargerðir og undirritanir eru rafrænar og aðgengilegar




Hvernig er framkvæmd íbúasamráðs?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Ekki sérstakir ferlar, íbúar hringja, mæta á staðinn, senda tölvupóst eða bréf til þess að koma skoðunum sínum og þörfum á framfæri
Endurtakanlegt	Til er rafræn gátt þar sem íbúar gera komið skoðunum sínum varðandi tillögur og þörfum á framfæri
Skilgreint	Til er rafræn gátt þar sem hægt er að kjósa um atriði sem stendur til að ráðast í ásamt því að koma skoðunum sínum og þörfum á framfæri
Hæft	Til er rafræn gátt þar sem hægt er að kjósa um atriði sem stendur til að ráðast í ásamt því að koma skoðunum sínum og þörfum á framfæri, hægt er að senda út afmarkaðar spurningar til íbúa
Skilvirkt	Til er rafræn gátt þar sem hægt er að kjósa um atriði sem stendur til að ráðast í ásamt því að koma skoðunum sínum og þörfum á framfæri, hægt er að senda út afmarkaðar spurningar til íbúa og einnig eru aðrar leiðir notaðar til þess að ýta undir þátttöku t.d. samfélagsmiðlar og tölvupóstur




Hvernig geta íbúar fengið aðgang að þeim persónuupplýsingum sem sveitarfélagið geymir um þá?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Einstaklingar geta sótt um að fá útprentaðar þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið geymir
Endurtakanlegt	Einstaklingar geta sótt um að fá rafrænt (t.d. í tölvupósti) þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið geymir
Skilgreint	Einstaklingar geta sótt um að fá rafrænt þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið geymir, gögnin verða aðgengileg í gátt þar sem notandinn auðkennir sig með rafrænum skilríkjum
Hæft	Einstaklingar hafa aðgang að öllum persónuupplýsingum sem sveitarfélagið geymir um þá í stafrænni gátt þar sem rafræn skilríki eru notuð til auðkenningar
Skilvirkt	Einstaklingar hafa aðgang að öllum persónuupplýsingum sem sveitarfélagið geymir um þá í rauntíma í stafrænni gátt þar sem rafræn skilríki eru notuð til auðkenningar, einnig er hægt að sjá breytingasögu og hægt er að gera athugasemdir við réttmæti eða vörslu upplýsinga




Hvernig skráir og fer sveitarfélagið með persónuupplýsingar?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Persónuupplýsingar geymast þar sem þeirra er aflað eða er þörf, ýmist á pappír eða í kerfum
Endurtakanlegt	Til er miðlæg skrá með öllum upplýsingum um íbúa
Skilgreint	Til er miðlæg skrá með öllum upplýsingum um íbúa, sem er aðgangsstýrð og til ferli um hvernig meðhöndla skal persónugreinanleg gögn samkvæmt GDPR
Hæft	Til er miðlæg skrá með öllum upplýsingum um íbúa sem er aðgangsstýrð, til er ferli um hvernig meðhöndla skal persónugreinanleg gögn samkvæmt GDPR og eftirlit með því að gögnum sé eytt eða þau gerð ópersónugreinanleg þegar við á
Skilvirkt	Til er miðlæg skrá með öllum upplýsingum um íbúa sem er aðgangsstýrð og til er ferli um hvernig meðhöndla skal persónugreinanleg gögn samkvæmt GDPR ásamt því að gervigreind er notuð til að tryggja að rétt sé farið með upplýsingar




Hvernig vinnur sveitarfélagið umsagnir vegna leyfisveitinga?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Starfsfólk vinnur umsögn og hefur samband sím- eða bréfleiðis þegar þarf og til að tilkynna um ákvörðun
Endurtakanlegt	Til er gátlisti um atriði sem aðilinn þarf að uppfylla sem fylgt er eftir og umsögn tilkynnt
Skilgreint	Til er ferli sem tryggir að allar upplýsingar sem umsögn byggir á séu réttar og til staðar og ákvörðun er tilkynnt
Hæft	Sjálfvirk yfirferð er framkvæmd á réttmæti gagna og athugun á hvort rekstur uppfylli skilyrði fyrir umsögn til leyfisveitingar
Skilvirkt	Sjálfvirk yfirferð er framkvæmd á réttmæti gagna og athugun á hvort rekstur uppfylli skilyrði fyrir umsögn til leyfisveitingar, ef svo er er ákvörðun send í stafrænt pósthólf




Hvernig er staðið að skilum á skilaskyldum gögnum til opinberra skjalasafna?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Skilaskyld gögn eru prentuð út úr ólíkum kerfum og skilað inn á pappírformi
Endurtakanlegt	Skilaskyldum gögnum er safnað saman í eitt kerfi, prentuð út og skilað inn á pappírformi
Skilgreint	Skilaskyldum gögnum er safnað saman í eitt kerfi og skilað með reglubundnum rafrænum hætti
Hæft	Til staðar er vefþjónustutenging á milli sveitarfélagsins og opinberra skjalasafna þar sem skilaskyldum gögnum er skilað inn í rauntíma
Skilvirkt	Til staðar er vefþjónustutenging á milli sveitarfélagsins og opinberra skjalasafna þar sem skilaskyld gögn eru hreinsuð og er skilað inn í rauntíma




Hvernig fá íbúar upplýsingar um viðbragðsáætlanir sveitarfélags í almannavörnum?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Allar upplýsingar um almannavarnir er hægt að nálgast á skrifstofu
Endurtakanlegt	Upplýsingar um almannavarnir er hægt að nálgast á vefsíðu
Skilgreint	Upplýsingar um almannavarnir er hægt að nálgast á vefsíðu og hægt er að sjá sögu ákveðinna almannavarnaadgerða
Hæft	Upplýsingar um almannavarnir er hægt að nálgast á vefsíðu og hægt er að sjá stöðu aðgerða þegar við á í rauntíma
Skilvirkt	Upplýsingar um almannavarnir er hægt að nálgast á vefsíðu og hægt er að sjá stöðu aðgerða þegar við á í rauntíma, með tölfræði og líkindunum á ákveðnum atburðum miðað við aðstæður hverju sinni



Hvernig er haldið utan um samstarf opinberra aðila innan sveitarfélags um almannavarnir?

Kvarði	Svarmöguleiki
Upphafsstig	Upplýsingum er miðlað á fundum/munnlega
Endurtakanlegt	Upplýsingum er miðlað skriflega á rafrænan hátt (t.d. tölvupóstur)
Skilgreint	Upplýsingum er miðlað í gátt sem opinberir aðilar hafa aðgang að
Hæft	Upplýsingum er miðlað í gátt sem opinberir aðilar hafa aðgang að og hægt er að sjá næstu skref aðgerða
Skilvirkt	Til er miðlæg gátt þar sem hægt er að fylgja viðbragðsáætlun og fylgja málum eftir með aðgerðalista ásamt því að haldið er utan um samskipti opinberra aðila sem koma að málinu



Sundurliðun svara eftir sveitarfélögum

Column1	Hefur sveitafélagið skýra sýn og stefnu fyrir stafræna umbreytingu	Fjárfestir sveitafélagið í starfrænum lausnum á stafræna markvissun máta	Hvernig er þekking stjórnenda þegar á heildina er litið m t t lausna	Hvernig er menningin innan sveitarfélagsins m t t ar	Hvernig fer þjálfun og fræðsla starfsmanna fram	Hvernig er tekið á móti starfsumsókn um hjálfa og sveitarfélagin	Hvernig er að fundu nafnd íbúasamráða	Hvernig er framkvæmd áðs	Hvernig geta íbúar fengið aðgang að þeim persónuupplýsingum sem sveitarfélagið geymir um þá	Hvernig skráir og fer sveitarfélagið með persónuupplýsi	Hvernig vinnur sveitarfélagið umsagnir vegna	Hvernig er staðið á skilaskyldum gögnum til opinberra	Hvernig fá íbúar upplýsingar um viðbragðsáætlanir sveitarfélagsins í almannavörnum	Hvernig er haldið utan um samstarf opinberra aðila innan sveitarfélagsins um	
Akrahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Akraneskaupstaður	2	3	3	4	1	4	4	2	2	1	1	2	2	2	2
Akureyrarbær	2	5	4	3	3	3	4	2	3	4	3	1	1	2	2
Árneshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ásahreppur	5	4	4	4	1	1	2	1	1	1	3	2	2	2	2
Bláskógabyggð	2	1	2	2	1	2	4	1	2	1	1	1	2	2	2
Blönduós bær	2	2	3	4	1	2	2	2	2	1	3	2	2	2	2
Bolungarvíkurkaupstaður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Borgarbyggð	3	3	3	4	2	2	4	2	2	1	2	1	2	1	1
Borgarfjarðarhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Dalabyggð	1	1	3	4	1	2	4	1	2	1	1	2	1	2	2
Dalvíkurbyggð	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Djúpavogshreppur	2	1	2	4	1	2	2	1	1	1	1	1	2	2	2
Eyja- og Miklaholtshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Eyjafjarðarsveit	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjallabyggð	2	1	3	5	2	4	4	2	1	1	3	1	1	2	2
Fjarðabyggð	2	5	5	5	2	4	4	1	1	1	3	1	4	2	2

Samband Íslenskra Sveitafélaga
Stöðumat í stafrænni vegferð

Fljótsdalshérað	3	3	3	4	2	3	4	2	3	1	1	1	2	2
Fljótsdalshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flóahreppur	2	3	4	4	1	1	2	1	1	3	3	2	2	2
Garðabær	3	2	2	4	2	5	4	2	2	1	1	2	2	2
Grindavíkurbær	2	2	2	4	1	2	4	1	2	1	1	1	2	2
Grímsnes- og Grafningshreppur	2	1	3	3	1	2	2	1	2	1	1	3	2	2
Grundarfjarðarbær	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Grýtubakkahreppur	2	2	4	4	1	3	2	2	2	1	3	1	2	2
Hafnarfjarðarkaupstaður	5	3	4	4	3	5	4	2	2	1	3	1	2	2
Helgafellssveit	2	1	2	3	1	0	2	1	2	1	1	1	1	2
Hrunamannahreppur	2	3	4	4	1	2	4	1	2	1	1	3	3	2
Húnavatnshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Húnaþing vestra	2	2	3	4	2	3	2	1	2	1	1	1	2	1
Hvalfjarðarsveit	1	1	5	5	1	3	4	1	2	1	0	2	2	2
Hveragerðisbær	2	3	3	4	1	1	4	2	2	1	3	2	3	2
Hörgársveit	0	0	0	0	0	0	0	1	1	1	2	1	2	0
Ísafjarðarbær	2	1	2	4	4	2	4	2	3	1	2	4	2	2
Kaldrananeshreppur	1	1	2	3	1	2	2	1	1	1	1	1	1	2
Kjósarhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Kópavogsbær	3	5	4	5	5	4	5	5	3	5	3	2	4	2
Langanesbyggð	2	2	2	4	1	3	4	1	2	1	2	2	1	3
Mosfellsbær	4	2,5	4	4	3	4,5	4	5	4	4	3	2,5	4	3,5
Mýrdalshreppur	1	1	3	4	1	2	3	1	1	2	1	1	2	2
Norðurþing	2	3	4	5	3	3	4	5	2	4	3	2	2	1
Rangárþing eystra	4	3	3	5	3	2	4	1	2	4	2	2	3	2
Rangárþing ytra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Reykholahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Reykjanesbær	2	2	4	4	5	3	4	5	3	3	4	3	2	3
Reykjavíkurborg	5	5	4	4	4	4	4	5	3	3	3	2	4	3

Samband Íslenskra Sveitafélaga
Stöðumat í stafrænni vegferð

Seltjarnarnesbær	2	3	2	3	2	3	2	2	3	3	3	2	2	2
Seyðisfjarðarkaupstaður	2	1	3	3	3	3	2	1	1	1	1	2	2	2
Skaftárhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skagabyggð	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skorradalshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skútustaðahreppur	2	2	3	5	1	2	4	2	2	1	1	2	2	2
Snæfellsbær	1	1	3	4	1	2	4	1	2	1	3	1	3	2
Strandabyggð	2	1	2	4	1	2	2	1	2	1	1	3	2	2
Stykkishólmsbær	2	3	4	4	2	2	2	3	2	4	3	1	2	2
Suðurnesjabær	3	2	3	4	1	2	4	1	2	4	1	3	2	2
Súðavíkurbær	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Svalbarðshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Svalbarðsstrandarhreppur	2	1	4	4	1	2	4	1	1	2	1	1	2	1
Sveitarfélagið Árborg	3	3	4	3	3	3	4	1	2	0	1	1	2	2
Sveitarfélagið Hornafjörður	2	2	3	4	2	2	4	4	1	1	1	2	2	2
Sveitarfélagið Skagafjörður	2	3	4	5	2	4	4	2	2	1	1	1	3	5
Sveitarfélagið Skagastránd	2	1	3	3	3	3	4	1	2	2	2	1	2	2
Sveitarfélagið Vogar	2	1	3	4	1	2	4	2	2	1	2	3	2	2
Sveitarfélagið Ölfus	2	1	2	3	1	2	4	2	2	4	2	2	2	2
Tálknafjarðarhreppur	2	2	2	3	1	2	4	1	2	2	1	1	1	2
Tjörneshreppur	2	1	5	4	1	2	2	1	2	1	1	2	3	1
Vestmannaeyjabær	0	0	0	0	0	0	0	2	2	0	3	3	3	0
Vesturbyggð	2	1	4	5	1	3	4	1	1	1	2	2	2	2
Vopnafjarðarhreppur	3	3	3	5	2	2	2	1	2	1	2	1	2	2
Þingeyjarsveit	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Hvar sérð þú helst tækifæri fyrir þitt sveitarfélag á samstarfi við önnur sveitarfélög til að bæta þjónustu við íbúa?

- Rafvæða alla ferla í þjónustu við íbúa og nota gátt til þess að miðla upplýsingum á framfæri. Flest öll sveitarfélög eru einnig með kortasjá og þar liggja ótal tækifæri í rafvæðingu ferla, eins og skipulag í kynningu o.s.frv.
- Sameiningarþvinganir gera það að verum að öll svona vinna stoppar.
- Skipulagsmál, byggingarmál, atvinnumál, skólamál
- Auka stafrænar lausnir
- samstarfsverkefni um þjónustugátt
- Að auka til muna rafræna afgreiðslu, og þjónustu. Hafin er vinna við stefnumótun í skjalastjórnun, og utanumhaldi.
- Markviss vinna og innleiðing á sameiginlegum stafrænum/rafrænum lausnum.
- Stafræn þjónusta er að þróast í samstarfi við nágrannasveitarfélög, t.d. skipulags- og byggingarfulltrúaembætti.
- samstarfsverkefni
- Það eru mörg tækifæri í rafrænni stjórnsýslu hjá smá sveitarfélagi. Það sem ég myndi helst vilja nefna er einhvers konar íbúagátt þar sem einstaklingar geta nálgast upplýsingar um sig og sín mál á einum stað.
- í sambærilegu tölvukerfi sem veitir þjónustu og geymir gögn um ákvarðanir bæjarfélagsins
- Margháttuð tækifæri með því að samnýta lausnir, vinna sameiginlega að bættum ferlum og lausnum varðandi grunnþjónustu sveitarfélaga, smíða opnar hugbúnaðarlausnir sem geta nýst öllum sveitarfélögum, bjóða út verkefni sameiginlega o.s.frv.
- Íbúaapp vegna þjónustu við íbúa og upplýsingamiðlunar. Sveitarfélög sem nota sömu rafrænu kerfi vinni saman að nýjungum og úrbótum. Dæmi SAP og One.
- Rafræn íbúagátt þar sem íbúar geta nálgast allar sínar upplýsingar með rafrænum skilríkjum, sótt um þjónustu og séð sína reikninga, allt rafrænt.
- Fleiri staðlaðar lausnir. Að rafræn skjalavistun verði gerð raunhæfur valmöguleiki.
- Auka nýtingu á miðlægum gagnagrunnum.
- Efla heimasíðu og að senda eyðublöð inn í gegnum heimasíðu, styrkja skjalavörslu og skil á skjölum
- Enn frekari rafrænar umsóknir og aðgengi að stjórnsýslunni verði með rafrænum hætti.
- Með því að þróa saman stafrænar lausnir og vera í miklu meiri samráði við kaup á tækninýjungum. Aukið samstarf í ýmsum málaflokkum þar sem hægt er að samnýta mannafla.
- Allar umsóknir sveitarfélagar samræmdar, allt miðlægt til einföldunar
- Fara í sameiginleg verkefni og taka sameiginlega á þróunarkostnaði.



Úttekt á stöðu tæknilegra innviða sveitarfélaga: Niðurstöður

Tæknilegir innviðir sveitarfélaga – Samband Íslenskra sveitarfélaga.

Inngangur

Samband Íslenskra Sveitarfélaga vill styrkja og styðja við sveitarfélög sem eru í stafrænni vegferð til að auðvelda þeim að komast til móts við kröfu íbúa og annara þjónustuþega um stafrænan aðgang að upplýsingum og sjálfsafgreiðslu.

Til að átta sig betur á hvernig best er að mæta sveitarfélögum á þennan hátt verður gerð stafræn hæfni- og innviðagreining sem kortleggur stöðuna eins og hún er í dag til að skilja hvar sveitarfélögin eru stödd og finna tækifæri til samvinnu og samnýtingar. Ekki er markmiðið að Sambandið muni ákvarða hvaða tækni verður notuð og hvernig, mun fremur mun Sambandið leitast við að styðja þessa þróun með því að koma á samvinnu og gefa út leiðbeinandi efni.

Hér verða teknar saman helstu niðurstöður. Frekari lýsingu má fá í Tæknilegir Innviðir Sveitarfélaga – Staða Apríl-Maí 2020.ppt

Samantekt

Sveitarfélög eru komin langt á leið með að byggja upp stafræna innviði. Helstu stoðir eru þegar til staðar og mörg hver eru komin langt með að nýta sér kosti rafrænna kerfa við rekstur og samskipti. Grunnurinn hefur að mjög mörguleiti verið lagður fyrir stafræna framþróun.

Þetta sést á því að sveitarfélögin eru nánast öll með kerfi sem halda utan um samskipti innanhúss og við íbúa eins og símkerfi, tölvupóstkerfi, ritvinnslukerfi og vefi. Þau halda öll formlega utan um reksturinn í fjárhagskerfum, líka smæstu sveitarfélögin.

Meðalstór og þeim mun stærri sveitarfélög eru öll komin með málaskrár, íbúagáttir og sjálfsafgreiðslu mála. Það er helst í þessu sem við sjáum mun á þeim og smærri sveitarfélögunum. Að auki hafa stóru sveitarfélögin fjárfest í kerfum sem gera þeim reksturinn auðveldari eins og fjárhagsskýrslukerfum og mannauðskerfum sem lítil og smá sveitarfélög hafa kannski ekki aðkallandi þörf fyrir.

Sveitarfélögin skilja tækifærin sem felast í stafrænni vegferð eru tilbúin til að taka næstu skref.

Aðferð við úttekt

Notast var við tvær aðferðir við að afla gagna í úttektina.

Annars vegar var framkvæmd **rannsókn** á vefjum sveitarfélaga sem fólst í því að skima vefina bæði handvirkt og sjálfvirkt. Þannig mátti sjá allt frá því hvernig vefirnir eru búnir til og hýstir yfir í hvaða efni og virkni er boðið upp á. Þannig var aflað gagna um alla 70 vefi sveitarfélaganna (eitt sveitarfélag er ekki með vef og eitt sveitarfélag er með vef í vinnslu). Skimun tók yfir fleiri vefi t.a.m. var líka litið á skólavefi og vefi samstarfssambanda sveitarfélaga (t.d. <http://arnesthing.is/>). Líklegt er að heildarfjöldi vefja sem voru skimaðir sé vel yfir 100.

Hinsvegar var send **könnun** á öll sveitarfélögin til að afla gagna um innri kerfi sem starfsfólk notar við rekstur sveitarfélagsins. Svör bárust frá 38 af 72 sveitarfélögum (53%). Ekki var svörum jafndreift eftir stærð, helst vantaði upp á að litlu sveitarfélögin sendu inn svör.

Tafla 1. Svörin við könnun um tæknilega innviði sveitarfélaga

Stærð	Fjöldi	Hlutfall af sveitarfélögum af þessari stærð
Smá (<250 íbúar):	3	20.00%
Lítill (251-1000 íbúar):	12	50.00%
Meðal (1001-3000 íbúar):	8	57.14%
Stór (3001-10.000 íbúar):	10	83.33%
Stærst(>10.000 íbúar):	5	71.43%

Niðurstöður

Vefir

70 af 72 sveitarfélögum eru með vef. Vefirnir eru nánast alltaf reknir ofan á vefumsýslukerfi sem gerir viðhald og innsetningu efnis auðveldari. Þar er langalgengast vefumsýslukerfið Moya frá Stefnu.

Með því að nýta sér vefumsýslukerfi og þjónustu vefstofa er líka hugað að aðgengi þessara vefja. Með sjálfvirkri úttekt* fengu vefirnir að meðaltali góða aðgengiseinkunn.

- Forsíða: 83/100
- Undirsíða: 86/100


Algengustu athugasemdir sem drógu vefi niður:

- Ekki nógu mikill munur á lit leturs miðað við bakgrunn (erfitt að lesa)
- Atriði á síðu ekki nógu vel merkt (erfitt að nota önnur tæki en mús/fingur til að ferðast um síðuna, hefur áhrif á skyndiskipanir á lyklaborði, skjálesara, leitarvél, m.a.)

Miðlun upplýsinga

Allir vefir nota fréttir á vefjunum sínum til að miðla nýjum upplýsingum til íbúa. Að auki nota mörg sveitarfélög (56%) samfélagsmiðla til að koma upplýsingum til íbúa. Samfélagsmiðlar í notkun:

- Facebook (56%)
- Instagram (14%)
- Twitter (6%)
- Youtube (4%)



Mynd 1. Vefumsjónarkerfi (rannsókn)


* Úttekt gerð með Lighthouse í Chrome vafranum: <https://developers.google.com/web/tools/lighthouse>

Öll sveitarfélög birta fundargerðir sveitarstjórnar og oft líka ýmissa nefnda og ráða (eins og viðeigandi er). Algengast er að þær séu birtar sem skrár sem hlaðið er inn í vefumsýslukerfið (oftast pdf). Stundum eru málaskrárkerfi notuð til að birta skrárnar. Eitt sveitarfélag vistar skrárnar í Google Drive og vísar í þær þaðan.

Í sveitarfélögum sem nota málaskrárkerfi er algengt að fundargerðir innihalda málsnúmer úr málaskrá. Þetta eru allt sveitarfélög sem nota ONE. Í 4 sveitarfélögum geta íbúar merkt við að vakta ákveðin málanúmer og fá tilkynningar þegar eitthvað gerist í málinu.

Að auki eru nokkur sveitarfélög (ekki talið sérstaklega en vakti athygli við skimun) sem senda út fundi sveitarstjórnar (og jafnvel annarra nefnda og ráða) og gera aðgengilegt á vefnu.

Vefsjár eru algengar en 78,5% vefja bjóða upp á vefsjá sem sýnir staðsetningu og legu sveitarfélagsins. Algengasta vefsjáin er frá Loftmyndum.



Mynd 2. Vefsjár (rannsókn)

Íbúapátttaka

Styrkur af því að hafa góða vefi er að þá er hægt að nota margar leiðir til að hvetja íbúa til að taka þátt í starfi sveitarfélagsins. Sveitarfélög beita nokkrum aðferðum við að kalla eftir þátttöku íbúa:


- Ábendingar – 40%
 - Form sem sendir email á aðalnetfang sveitarfélagsins.
- Samráð – 5%
 - þetta er alltaf staðfærð útgáfa af Betri [sveitarfélag]
- Netspjall – 10%
 - þetta er aðallega netspjall frá Svarbox

Persónuvernd og auðkenning íbúa


Um helmingur sveitarfélaga birtir persónu-verndarstefnu sína á vefnum (50,7%). Lögum samkvæmt eiga þau öll að hafa slíka stefnu. Þetta endurspeglast þó ekki alveg beint í persónuverndarhögum vefjanna en tæplega helmingur (43,7%) vefja sveitarfélaga er með einhvers konar viðvörðun til notenda um hvernig vefirnir nýta persónuleg gögn þeirra. Allir vefir eiga að hafa slíka viðvörðun samkvæmt GDPR reglum. Flestir vefirnir vara bara notendur við en leyfa þeim ekki að sjá eða breyta stillingum.

Þjónusta sem krefst auðkenningar er til staðar á 52% vefja. Nýting auðkenningarþjónustu þjóðskrár (Íslykill) og rafrænna skilríkja virðist vera orðin staðall og þannig eru íbúar auðkenndir inn á vefi sveitarfélaga nánast undantekningarlaust. Í einstaka tilfellum eru sérkerfi sem hafa aðra auðkenningu, stundum samhliða og stundum ekki.

Í mörgum tilfellum geta allir þeir sem hafa Íslykil eða rafræn skilyrði auðkennt sig inn á vefi sveitarfélaganna enda eru þjónustuþegar oft fleiri en íbúar sveitarfélags (sbr. fyrirtækja- eða sumarhúsaeigendur). Um það bil 2/3 sveitarfélaganna segjast nota lista til að sjá hverjir eru íbúar. Oftast eru þessar upplýsingar fengnar með Íbúasýn eða í gegnum Þjóðskrá.



Mynd 3. Stofnskrár íbúa (könnun)




Mynd 4. Viðskiptamannakerfi (könnun)

Að auki kveðst um helmingur sveitarfélag halda utan um sína þjónustuþega með viðskiptamannakerfi (CRM). Helstu viðskiptamannakerfin eru frá One Systems og Microsoft.

Sjálfsafgreiðsla

Þrátt fyrir að einungis 52% sveitarfélaga bjóði upp á þjónustu sem krefst auðkenningar er sjálfsafgreiðsla um ýmsa þjónustu til staðar á fleiri vefjum. Um 86% vefja bjóða upp á einhverskonar sjálfsafgreiðslu. Einungis 14% býður ekki upp á neins konar sjálfsafgreiðslu.

Oftast er þessi sjálfsafgreiðsla falin í því að íbúar geta nálgast eyðublöð sem þeir geta prentað, fyllt út og komið svo til sveitarfélagsins (í gegnum tölvupóst eða á skrifstofu). Hérna teljum við aðeins umsóknir um þjónustu sem helst í hendur við hver umsækjandinn er (ekki t.a.m. ábendingar almenns eðlis).




Mynd 5. Sjálfsafgreiðsla á vef (rannsókn)

Oftast enda þessi mál í málaskrárkerfi en mikill meirihluti sveitarfélaga (83,1%) er með málaskrárkerfi. Það eru helst litlu sveitarfélögin sem ekki erum með slík. Af þeim sem eru með málaskrárkerfi eru nánast allir að nota OneSystems (91,5%).


Málaskrárkerfið er um leið notað sem skjalavörslukerfi hjá öllum þeim sveitarfélögum sem hafa það nema einu.

Í einhverjum tilfellum er innleiðing málaskrárkerfisins bundin við ákveðin svið (t.a.m. umhverfis- og skipulagssvið).



Mynd 6. Málaskrárkerfi

Málaskrárkerfin eru birt út á vef í 39,4% tilfella, þ.e. íbúar geta skráð sig inn og skráð mál og/eða fylgst með framvindu mála.




Mynd 7. Birting málaskrárkerfa (rannsókn)

Athyglisverður munur kom fram á könnun og rannsókn þar sem skólastjórnarkerfi eru rædd.

Séu vefir skólanna skoðaðir má sjá að 94% sveitarfélaga nota skólastjórnunarkerfi bæði á grunnskólastigi og 80% á leikskólastigi. Ekki voru

skoðaðir allir skóla-/leikskólavefir, bara talið ef að a.m.k. einn skóli/leikskóli væri með skólastjórnarkerfi.




Aðspurð segjast hinsvegar 78% sveitarfélaga nota skólastjórnarkerfi. Þarna getur munurinn leynst í því að þeir sem svara könnuninni eru fyrst og fremst að horfa á rekstur sveitarfélagsins og hugsi skólana sem sjálfstæða einingu. Eða að þekking/yfirsýn inni hjá stjórn

sveitarfélagsins sé ekki betri.

Mynd 8. Skólastjórnarkerfi (rannsókn)


Í báðum tilfellum þó kemur í ljós að Karellen leiðir í skólastjórnarkerfum fyrir leikskóla og Mentor fyrir efri skólastig. Frístund og tónlistarskólar hafa svo innleitt önnur kerfi svo sem Völu, Visku og SchoolArchive.



Mynd 9. Skólastjórnarkerfi (könnun)


Innri kerfi

Öll símafélög eru með símkerfi og nota tölvupóst og ritvinnslu. Þar er Microsoft nánast einrátt á markaði. Af þeim sem segjast nota Microsoft vörur eru um 2/3 komin í skýjalausnina.



Mynd 10. Símkerfi (könnun)


Að auki segjast nánast öll sveitarfélög (35/38) nota önnur samskiptatól en síma og tölvupóst. Hér hefði verið áhugavert að hafa tölur frá því í fyrra eða jafnvel bara frá því í janúar til samanburðar fyrir og eftir Covid-19 heimsfaraldurinn.




Mynd 11. Samskiptatól (könnun)

Öll sveitarfélög eru með fjárhagskerfi sem þau nýta við að stýra rekstrinum. Hér er það aftur Microsoft sem er langstærst á markaði.

Það á líka við um bók-halds og vörustjórnunarkerfi.




Mynd 12. Fjárhagskerfi



Mynd 13. Bókhalds- og vörustjórnunarkerfi


Til að fá yfirsýn yfir rekstur sveitarfélagsins nota 2/3 sveitarfélaga fjárhagsskýrslukerfi til að taka saman yfirlit. Þetta eru helst stóru sveitarfélögin þar sem reksturinn er það flókin að erfitt er að fá yfirsýnina úr fjárhagskerfinu einu saman.

Rannsóknin sýndi að nær öll sveitarfélög (94,3%) birta ársreikninga sína á vefnum sem lesanlegar skrár (t.d. pdf). Sum (15,7%) nýta fjárhagsskýrslu-kerfin til að birta tíðari og nánari skýrslur sem sýna fjárhagslegastöðu sveitarfélagsins, ársfjórðungslega eða jafnvel mánaðarlega. Það er þá oftast gert með Microsoft PowerBI kerfinu.




Mynd 14. Fjárhagsskýrslukerfi (könnun)

Yfir 80% sveitarfélaga segist nota starfsmannakerfi. Hér ber að minnast að í könnuninni var skekkja í svörum þannig að stærri sveitarfélögin voru líklegri til að svara og þetta eru klárlega kerfi sem nýtast stærri sveitarfélögum betur en þeim smærri. Hérna eru margir um hituna en algengustu kerfin eru frá H-Laun og Vinnustund.



Mynd 15. Starfsmannakerfi (könnun)

Einungis 20% sveitarfélaga segjast nota þekkingarkerfi og hefur þar hvert sinn háttinn á.



Mynd 16. Þekkingarkerfi (könnun)


Tæknileg þekking

Minnihluti sveitarfélaga sem svaraði könnuninni (um 40%) segist vera með tæknifólk á launaskrá. Þessi tala er líklega hærri en hún væri í raun vegna þess að í könnuninni bárust hlutfallslega fleiri svör frá stórum sveitarfélögum en smáum.

Þeir sem eru með tæknifólk á launaskrá eru oftast með smá teymi (1-5).

Algengast er að þetta tæknifólk sinni rekstri á vél- og hugbúnaði, notandaþjónustu, skjalavörslu og vefstjórn.

Með tæknilega þekkingu og þjónustu líta sveitarfélögin aðallega til tæknilegra birgja. Nefndir voru 34 birgjar. Hér eru aftur samanburður við rannsóknina áhugaverður því að þó að það sé vitað að infoMentor sé einn af stærstu birgjum sveitarfélaga því skólakerfin þeirra eru svo víða notuð þá eru þau ekki fólki ofarlega í huga þegar það listar upp birgjana sína.



Mynd 17. Tæknifólk á launaskrá (könnun)


Það er áhugavert að sjá hvaða birgjar eru fólki ofarlega í huga. Sum af þessum stærstu nöfnum voru nefnd hjá næstum 60% svarenda.




Mynd 18. Birgjar (könnun)

Algengasta þjónusta sem birgjarnir veita eru rekstur vél- og hugbúnaðar, notendabjónusta ásamt hugbúnaðarlausnir (aðlögun að tilbúnum kerfum) og ráðgjöf.

Þegar vefirnir voru kannaðir þá kom í ljós að það sem endurspeglast kannski í vefumsýslukerfum sveitarfélaganna að það eru margir birgjar sem koma að vefun og hýsingu vefja fyrir sveitarfélögin þó að einn birgi sé þar með áberandi sterka markaðsstöðu.



Mynd 19. Vefstofur (rannsókn)



Mynd 20. Vefhýsing (rannsókn)

Framtíðaráform

Í könnuninni voru sveitarfélögin spurð hver telur þau töldu helstu tækifæri sveitarfélaga í stafrænni framþróun. Svörum þeirra má skipta í tvennt þar sem þau horfðu annars vegar til innra starfs og hvernig mætti bæta það með aukinni tækni og hinsvegar hvernig mætti nýta hana til að bæta þjónustu við íbúa.

Innra starf

Hérna er sveitarfélögum hugleikið að nota tæknina til að gera störf sveitarfélaganna skilvirkari og hagkvæmari. Meðal annar nefndu þau:

- "Gera störfin hjá bænum eftirsóknarverðari"
- "Stórauka þarf fræðslu og þekkingu starfsmanna í þeim kerfum sem eru í notkun hverju sinni"
- "Aukin sjálfvirkni til að fylgjast með þeim mælikvörðum sem þarf að mæla."
- "Snjallvæðing við heimahjúkrun"
- "Auka sjálfvirkni í þjónustu sveitarfélagsins bæði gagnvart íbúum og starfsmönnum."
- "Bjóða upp á viðtöl í fjarfundarformi, beint streymi funda, innleiðing innra kerfis og samskiptakerfis."

Gagnvart íbúum

Hérna er sveitarfélögunum ofarlega í huga bæði betri þjónusta sem veitt er á hagkvæmari hátt en líka öruggari vinnsla sem gætir jafnræðis og eykur ánægju íbúa. Meðal annars nefndu þau:

- "Bætt þjónusta, bætt aðgengi þjónustunnar, öruggari vinnsla, ódýrari rekstur"
- "Smáforrit í kringum ýmsa þjónustu og upplýsingaveitu"
- "Skráningarforrit með tengingu við tölfræðivinnslu t.d. í félagsmálum"
- "Bæta þjónustu, bæta þjónustuupplifun, auka sjálfsafgreiðslu, bæta ferla, lækka kostnað, auka ánægju íbúa"
- "Rafrænar undirskriftir, allar umsóknir stafrænar og stafræn afgreiðsla allra erinda, stafræn þjónusta við íbúa, t.d. netspjall eða aukin þjónusta á stafrænu formi"
- "Aukin þjónusta til íbúa, styrkari gæðastjórnun hjá sveitarfélaginu"